

Fegurri sveitir – tiltektar- og fegrunardagar á sunnanverðu Snæfellsnesi

Á sunnanverðu Snæfellsnesi – frá Haffjarðará að Hellnum – er upplagt að hafa tiltektar- og fegrunardaga **12.-29. júní 2015**

Gámum þar sem íbúar geta komið frá sér hlutum til förgunar verður komið fyrir á eftirfarandi stöðum:

Eyja- og Miklaholtshreppur: gámar fyrir [úrgangstimbur](#), [brotajárn](#) og [rusl](#).

- Í gryfunni við Núpá 12.06.- 19.06. 2015
- Í gryfunni við Holtsenda: 19.06.-29.06.2015

Sunnanverður Snæfellsbær: gámar fyrir [brotajárn](#) og [rusl](#).

- Við Ölkelduaflleggjarann: 15.06.-29.06.2015
- Við fjósið í Böðvarsholti: 15.06.-29.06.2015
- Á fjárhúsplaninu á Litla-Kambi: 15.06.-29.06.2015

*Búnaðarfélag Staðarsveitar hefur samþykkt að bjóða félögum sínum gjaldfrjáls afnot af tækjum félagsins í tiltektar- og fegrunarvinnu í sumar.

***UMF Staðarsveitar hvetur fólk til að taka frá og halda til haga úrgangstimbri sem nota má í áramótabrennu ☺**

**Fegurri sveita fagnaður á 17. júní – hæ, hó, jibbíjei...
„skottmarkaður, sund og skemmtilegheit“ við
félagsheimilið að Lýsuhóli miðvikudagskvöldið 17. júní
kl. 20:00 – 22:00 – ALLIR VELKOMNIR!**

- ✓ Þar verður líka móttaka á fatapokum sem verða sendir í Rauða Kross söfnun
- Þeir sem þurfa að losa sig við spilliefni geta látið Ragnhildi á Álftavatni vita: ragnhildur@snæfellsnes.is / 8486272

Fólk er hvatt til að nýta gámana vel og ganga vel um þá – flokka rétt og setja allt á sinn stað ☺ - sjá leiðbeiningar á baksíðu:

Sorp er hægt að selja og er verðmætt til endurvinnslu ef það er rétt meðhöndlað – ef illa er gengið um það og öllu ægir saman verður að urða sorpið með ærnum tilkostnaði fyrir samfélag og náttúru .

**Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
Eyja- og Miklaholtshreppur
Snæfellsbær**



Flokkun í gáma

GÁMUR UNDIR BROTAJÁRN

Í ÞANN GÁM MÁ EINGÖNGU FARA BROTAJÁRN

- Öll raftæki
- Bílhræ
- Gaddavír (girðingastaurar fara ekki í þennan gám)

Ef annað en brotajárn fer í gáminn lendir kostnaður við flokkun á sveitarfélaginu.

GÁMUR UNDIR ALMENNAN ÚRGANG

Allt urðanlegt efni annað en venjulegur heimilisúrgangur sem fer í heimilistunnur.

GÁMUR UNDIR TIMBUR Í EYJA-OG MIKLAHOLTSHREPP

- Allt timbur má fara í þá gáma.

SPILLIEFNUM ÞARF AÐ SKILA SÉR (láta vita í síma 8486272 eða ragnhildur@snaefellsnes.is)